

Mánudaginn 11. júní 1934.

Nr. 50/1934. **Ingibjörg Helgadóttir**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Páli Vídalín Magnússyni (Enginn).

Krafa um synjun framgangs eiðvinningar í barnsfaðernismáli eigi tekin til greina.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1934: Hin framkomnu mótmæli skuli ekki tekin til greina og má eiðvinningin fram fara.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi uppkveðnum í lögreglurétti Reykjavíkur 19. maí 1930 í barnsfaðernismáli, er höfðað hafði verið á hendur stefnda, að tilhlutun áfrýjanda, var ákveðið, að ef stefndi synjaði fyrir það með eiði innan 40 daga frá birtingu dómsins að hafa haft holdlegar samfarir við áfrýjanda á tímabilinu frá 1. júlí til 1. septbr. 1929 skyldi hann vera sýkn af kröfum hennar í málinu og málskostnaður falla niður, en ef hann ynni ekki eiðinn skyldi hann teljast faðir að barni því, er áfrýjandi ól 14. apríl 1930, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds svo og 20 kr. í málskostnað og var dómur þessi birtur stefnda hinn 28. dez. 1933.

Með stefnu, útgefinni 2. febr. þ. á., stefndi Páll Vídalín Magnússon áfrýjanda til þess að hlýða á eiðvinningu sína 15. marz síðastliðinn. Við réttarhaldið í málinu var því haldið fram af hálfu barnsmóðurinnar, að stefnda hefði orðið eiðfall sökum þess, að hann hefði eigi unnið eiðinn innan eiðfrestsins, með því að meir en 40 dagar væru þá

liðnir frá birtingu dómsins, en þessum mótmælum áfrýjanda var hrundið með úrskurði, uppkeðnum 22. s. m.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi nú skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni s. d., en þar sem stefndi hefir eigi mætt í hæstarétti, er málið var tekið fyrir, þótt honum hafi verið löglega stefnt hefir málið verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi og synjað verði um framgang eiðvinningarinnar og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfu sína eins og í undirrétti fyrst og fremst á því, að stefnda hafi orðið eiðfall, þar sem hann hafi eigi unnið eiðinn innan frests þess, er til hafði verið tekinn í dómnum 19. maí 1930, og eiðsmálinu hafi ekki verið framfylgt með nægilegum hraða, þar sem stefnan hafi verið úttekin 2. febr. en ekki birt fyr en 24. s. m. og fyrirtekt málsins ekki verið ákveðin fyr en 15. marz síðastliðinn. Loks heldur áfrýjandi því fram hér fyrir réttinum, að stefnan í eiðvinningarmálinu hafi ekki verið löglega birt, með því að hún hafi eigi verið birt á lögheimili hennar.

Stefnan var birt áfrýjanda á þáverandi dvalarstað hennar í Sandgerði fyrir henni sjálfri og tók hún samkvæmt vottorði stefnuvottanna birtinguna þar gilda, eins og hún hefði verið birt á lögheimili hennar, og loks mætti hún á bæjarþinginu án þess þar að hreyfa neinum mótmælum gegn birtingunni. Þessi ógildingarástæða er því ekki á neinum rökum byggð. Hinar ógildingarástæður á-

frýjanda verða heldur eigi teknar til greina, af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði.

Þar sem ekki hefir verið mætt í málinu fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal vera óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í barnsfaðernismáli þessu gekk dómur 19. maí 1930 á þá lund, að úrslitin voru látin vera komin undir synjunar-eiði kærðs í málinu, Páls Vídalíns Magnússonar, þannig að eiðfrestur honum til handa var ákveðinn 40 dagar frá lögbirtingu dómsins. Hinn 28. dezember s. l. fór þessi birting fram, en með réttarstefnu 2. febr. þ. á. er barnsmóðirinni Ingibjörgu Helgadóttur stefnt til að hlýða á eiðvinningu téðs manns 15. þ. m. og er eiðstefnan birt henni 24. f. m. Nú er því haldið fram af hálfu barnsmóður, að nefndum Páli V. Magnússyni hafi orðið eiðfall þar sem hann hafi ekki unnið eiðinn innan 40 daga eiðsfrestsins og mótmælir hún því að hann fari nú að vinna eiðinn. Þessi mótmæli þykja þó ekki á rökum byggð. Með úttekt eiðstefnunnar 2. f. m. hefir eiðstefnandi innan eiðsfrestsins boðið sig fram til eiðvinningarinnar og á lögmætan hátt látið tilkynna barnsmóðurinni þetta áform sitt og rekið eiðsmálið löglega. Hefir eiðstefnandi, sem sjálfur var til staðar í réttinum er eiðsmálið var þingfest, með þessu réttilega notað eiðsfrestinn þótt sjálf eiðvinningin hafi ekki gétast farið fram innan frestsins og verða því hin framkomnu mótmæli ekki tekin til greina.
